

af jörðinni, en þá hefði hann a. m. k. átt að senda reikning. Þessar kröfur verða því ekki teknar til greina.

Mál þetta er gjafsóknarmál. Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 6.500.00.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Gústav Sigvaldason, greiði stefnendum, þeim Jóhanni Má Jóhannssyni, Þóreyju Jónsdóttur, Jóni Axel Jóhannssyni og Stellu Hrönn Jóhannsdóttur, kr. 9.913.00 auk 13% ársvaxta frá 1. jan. 1977 til 21. nóv. 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 15. júní 1979, 34% ársvaxta frá þeim degi til 1. sept. 1979, 39.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. des. 1979, 43.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1981, 46.4% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1981, 42.8% ársvaxta frá þeim degi til dagsins í dag og síðan hæstu innlánsvaxta, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Þá greiði stefndi kr. 6.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. október 1983.

Nr. 203/1983. **Ákærvaldið**

gegn

Kristjáni Erni Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru skráðri í sakadómsbók 28. október 1983. Barst hún Hæstarétti sama dag. Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði úr gildi

felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur verulega.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 27. október 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 27. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Um kl. 0420 þann 16. þessa mánaðar handtóku tollverðir á Grandagarði hér í borg Sæmund Auðunsson, fæddan 7. febrúar 1954, og reyndist hann hafa í sínum fórum liðlega 11.3 kg af svonefndu Libanonhassefnu að söluverðmæti hérlandis nálægt 4.5 millj. króna ísl.

Nefndur Sæmundur var hér við embætti næsta dag úrskurðaður í allt að 30 daga gæsluvarðhald.

Seint í gærkveldi skýrði Sæmundur þessi svo frá í lögregluýfirheyrslu, að hann hefði sl. sumar tekið að ráðgera með kunningja sínum, Kristjáni Erni Kristjánssyni, fæddum 11. desember 1952, innflutning hassefna frá Hollandi og dreifingu hér.

Nefndur Kristján hafi þekkt vel til sölumanna ytra, en Sæmundur vegna aðstöðu sinnar sem skipverji á togaranum Karlsefni og sölufærð þess skips ytra ætlað að sjá um flutning efna hingað til lands.

Hafi þeir félagar mælt sér mót á járnbrautarstöð í Cuxhaven í Þýskalandi þann 12. sept. og eiginkona Kristjáns þar verið með í för.

Sæmundur áður nefndur kvaðst fyrr hafa afhent Kristjáni Erni 50.000 — 55.000 ísl. kr. sem sinn framlagshlut og fyrir það átt að fá 1.1 kg af hassefnu, en ráðgerð heildar kaup verið 3.3 kg í þessari færð.

Komið hafi í ljós, að Kristján Örn gat ekki útvegað nema 2.3 kg og skipting þess magns verið ákveðin sem 600 gr í hlut Sæmundar Auðunssonar, en 1.700 gr í hlut Kristjáns Arnar. Að sögn Sæmundar afhenti Kristján Örn honum þetta efnismagn í Cuxhaven, skömmu áður en togarinn Karlsefni lét þar úr höfn kl. 1900 að kvöldi.

Sæmundur Auðunsson kvaðst hafa komið nefndum efnum hér á land þann 16. sept. sl., en degi síðar að heimili sínu afhent Kristjáni Erni áður-

nefnd 1.700 gr. sem hans hlut, en þess utan til sölumeðferðar 430 gr, hlut Sæmundar.

Kvað Sæmundur Auðunsson því aðeins hafa haldið eftir 170 gr, er verið hafi samskotahlutur ónefndra kunningja margnefnds Sæmundar.

Að sögn Sæmundar Auðunssonar ákváðu þeir Kristján Örn að hittast næst í Cuxhaven þann 12. þessa mánaðar til frekari hasskaupa.

Síðar kvaðst Sæmundur hafa beðið Björn, bróður sinn, um þau skilaboð til Kristjáns Arnar, að nefnt stefnumót yrði 11. október.

Björn Auðunsson hefur fyrr í dag í lögregluþyrifirheyrslu sjálfstætt staðfest að hafa borið þessi boð.

Sæmundur Auðunsson kvaðst hafa mætt til ráðgerðs fundar á járnbrautarstöð í Cuxhaven þann 11. þessa mánaðar, en ekki hitt Kristján Örn fyrr en kl. 1500 næsta dag á nefndum stað. Hafi sá síðastnefndi verið einn á ferð í útleigubifreið. Í bifreiðinni og nánar skammt utan við Cuxhaven hafi Kristján Örn dregið fram um 11.3 kg af hassefnum, eða mun meir en áður var um rætt. Kristján Örn hafi skýrt þetta svo, að sölumaður hafi lánað honum persónulega 5 kg af hassefnum.

Fyrri áætlun hafi hins vegar numið 6.3 kg og Sæmundur Auðunsson þar af átt að eiga 2.6 kg fyrir þær 107.000 ísl. kr., er fengust fyrir sölu áður-nefndra 430 gr hans, auk ofangreindrar umframgreiðslu Sæmundar til Kristjáns í meintri fyrri för.

Kristján Örn Kristjánsson var yfirheyrður hér í dómi fyrir stundu.

Kvaðst hann um eins árs skeið hafa rekið einkafyrirtæki hér á landi undir nafninu Erlenda umboðssalan og markmið þess innflutningur og dreifing ýmiss konar smávarnings.

Hann taldi sig ekki geta nefnt neinar viðmiðunartölur um heildarveltu fyrirtækis og ekki hafa vegna þess greitt neinn söluskatt.

Kristján Örn kvaðst gera sér ljóst, að hann væri grunaður um stórfellt fíkniefnamisferli, en lýsti sig saklausan af hvers konar tengslum við fíkniefni, er fundist hefðu nýlega við komu togarans Karlsefnis hingað til lands. Hann kvaðst hins vegar hafa „frétt á skotspónum,“ að hinn handtekni í því sambandi væri Sæmundur Auðunsson og þekkja hann lítillaga, m. a. sem fyrrverandi vinnufélagar.

Aðspurður kvaðst Kristján Örn fimm sinnum hafa haldið utan það sem af er þessu ári, oftast í viðskiptaerindum, en einnig til að „kynnast löndum og þjóðum.“

Nefndur Kristján kvaðst lauslega áætla að hafa vegna þessara utanferða í bönkum hérlandis leyst út erlendan gjaldeyri að jafnvirði 50.000 — 80.000 ísl. kr. Kristján áætlaði sínar lágmarksmánaðartekjur af áður-nefndu fyrirtæki 10.000 — 12.000 kr., en taldi oft þar við bætast minni háttar fjárhæðir.

Kristján Örn kvaðst ekki geta skýrt, hvers vegna hann notaði tvö íslensk vegabréf jöfnum höndum í sambandi við áðurnefndar utanferðir.

Gögnum samkvæmt var margnefndur Kristján Örn Kristjánsson hér við embætti þann 28. apríl 1980 sakfelldur fyrir ítrekað fíkniefnamisferli og hlaut þá 5 mánað fangelsi, þar af 3 mánuði skilorðsbundna í 3 ár, en þess utan fésekt að upphæð 700.000 gamlar ísl. kr.

Samkvæmt lögregluskýrslum var á Keflavíkurflugvelli þann 17. sept. 1983 leitað á Kristjáni Erni Kristjánssyni og konu hans, Ólöfu Þorsteinsdóttur, við komu þeirra hingað til lands, en ekkert saknæmt fannst.

Sams konar leit var gerð á Kristjáni Erni við komu hans hingað til lands þann 15. þessa mánaðar og í framhaldi þar af með hans samþykki gerð röntgenmyndun, án þess að neitt saknæmt kæmi í ljós.

Margar lögregluskýrslur nú framlagðar bera og með sér, að lögreglumenn hafi gefið sérstakar gætur ferðum og gerðum Kristjáns Arnar um all-nokkurt skeið vegna þráláttra ábendinga og upplýsinga um, að hann stund-
aði meðhöndlun og dreifingu fíkniefna.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað Kristján Örn Kristjánsson fangelsisrefsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þessu sambandi. Telja verður rannsókn máls á frumstigi, en líklegt, að hún kunni vegna efnismagns og verðmæta að verða umfangsmikil og snerta marga aðilja.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt í rannsóknar þágu að verða við framkominni kröfu lögreglu yfirvalda og gera Kristjáni Erni Kristjánssyni, fæddum 11. desember 1952, að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 45 dögum frá kl. 1750 þann 27. október 1983 að telja.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kristján Örn Kristjánsson, fæddur 11. desember 1952, til heimilis að Bankastræti 6, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 45 dögum frá kl. 1750 þann 27. október 1983 að telja.